Ed. **133. Breytingartillögur** [66. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr. frv. Á eftir orðunum „árlegt afnotagjald“ komi nýr málsl., svo hljóðandi:
   Eigandi sjónvarpsviðtækis skal jafnframt talinn eigandi hljóðvarpsviðtækis, ef viðtæki hans má nota til hljóðvarpsmóttöku.
2. Við 3. gr. frv. Aftan við gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
   Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð ákvæði um upplýsingaskyldu varðandi afnot viðtækja, svo og reglur um sölu, afhendingu og leigu viðtækja. Enn fremur að kveða á um tilkynningarskyldu og notkun nafnskírteina í þessu sambandi.